

## REIKNINGUR

### Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 2012.

#### Rekstrarreikningur ársins 2012

<b>Rekstrartekjur:</b>	<i>Skýr.</i>	<i>2012</i>	<i>2011</i>
Vaxtatekjur af bankainnstæðu .....		115.660	755.557
Fjármagnstekjuskattur .....		<u>(23.132)</u>	<u>(151.111)</u>
		<u>92.528</u>	<u>604.446</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Styrkir .....	4	892.790	35.000.000
Rekstrargjöld .....	3	<u>45.148</u>	<u>58.041</u>
		<u>937.938</u>	<u>35.058.041</u>
<b>Tekjuafgangur (-halli) ársins</b>		<u>(845.410)</u>	<u>(34.453.595)</u>

#### Efnahagsreikningur 31. desember 2012

<b>Eignir:</b>	<i>Skýr.</i>	<i>Árslok 2012</i>	<i>Árslok 2011</i>
<b>Veltufjármunir:</b>			
Bankareikningur í Seðlabanka Íslands .....	2	<u>0</u>	<u>6.545.410</u>
		<u>0</u>	<u>6.545.410</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>0</u>	<u>6.545.410</u>

#### Skuldir og eigið fé:

<b>Eigið fé:</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun .....		845.410	35.299.005
Tekjuafgangur (-halli) ársins .....		<u>(845.410)</u>	<u>(34.453.595)</u>
		<u>0</u>	<u>845.410</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Ógreiddir styrkir .....	4	<u>0</u>	<u>5.700.000</u>
		<u>0</u>	<u>5.700.000</u>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<u>0</u>	<u>6.545.410</u>

#### Skýringar með ársreikningi 2012

##### Reikningsskilaaðferðir.

- Grundvöllur reikningsskilanna.*  
Ársreikningur Þjóðhátíðarsjóðs er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga nr. 696/1996.
- Handbært fé.*  
Bankareikningi í Seðlabanka Íslands var lokað þann 6. desember 2012.

3. <i>Rekstrargjöld.</i>	2012	2011
Ferðakostnaður .....	33.730	18.986
Annar kostnaður .....	<u>11.418</u>	<u>39.055</u>
Samtals kr.	<u>45.148</u>	<u>58.041</u>

4. *Styrkir.*

Hinn 6. desember 2012 var síðasti styrkur sjóðsins veittur eftirtöldum aðila til viðgerðar á Flateyjarbók:

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum .....	2012
	892.790

### Skýrsla stjórnar.

Með úthlutun síðasta styrks Þjóðhátíðarsjóðs hinn 6. desember 2012, hefur síðustu fjármunum sjóðsins verið úthlutað eins og fyrir er mælt í skipulagsskrá hans nr. 361/1977 með áorðnum breytingum.

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2012 og starfslok hans með undirritun sinni.

Reykjavík, 16. ágúst 2013.

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs,

**Margrét Bóasdóttir.**

**Kristín Halldórsdóttir.**

**Björn Teitsson.**

**Margrét K. Sverrisdóttir.**

**Arnór Sighvatsson.**

*Sigfús Gauti Þórðarson ritari.*

### Áritun endurskoðenda.

#### *Til stjórnar Þjóðhátíðarsjóðs*

Við höfum endurskoðað ársreikning Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reiknings-skilaaðferðir og aðrar skýringar. Hann er lagður fram af stjórn sjóðsins og hún er ábyrg fyrir gerð og framsetningu hans í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðunin fólst í eftirfarandi aðgerðum:

- að sannreyna að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta ríkisstofnanir,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmat fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á og
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi ef þær eru birtar í ársreikningi.

Endurskoðunin byggir á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Hún felur meðal annars í sér áhættugreiningu, greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reiknings-

Nr. 850/2013

skila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin hafi byggt upp nægjanlega traustan grunn til að staðfesta réttmæti ársreikningsins.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Þjóðhátíðarsjóðs á árinu 2012, efnahag hans 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga.

*Ríkisendurskoðun, 16. ágúst 2013.*

**Sveinn Arason** ríkisendurskoðandi.

---

B-deild – Útgáfud.: 25. september 2013